

Menntamálanefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

25.01.95

Alþingi
Erindi nr. Þ 118 / 1992
komudagur 27 / 1995

Umsögn Barnaheilla um frumvarp til laga um grunnskóla.

Einn megin tilgangurinn með frumvarpi til laga um grunnskóla er að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Við lestur frumvarpsins kemur þó í ljós að ýmsar aðrar breytingar eru lagðar fram sem munu hafa áhrif á innra starf skólanna. Þessar breytingatillögur að innra starfi grunnskóla viljum við fyrst fjalla um í umsögn okkar.

Barnaheill fagna því sérstaklega að grunnskólinn skuli eiga að vera einsetinn samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Samtökin telja það stórt skref í framfaraátt fyrir börn og foreldra þeirra. Jafnframt fagna samtökin fjölgun kennsludaga (45. gr.) og aukningu vikulegs kennslutíma nemenda (46. gr.).

Barnaheill vilja þó minna á nauðsyn þess að fullt tillit sé tekið til þessara breytinga við gerð kostnaðaráætlana og til þeirra breytinga sem þetta mun hafa í för með sér fyrir vinnutíma og vinnuástöðu barnanna og kennaranna. Að þessu komum við betur að síðar í umsögninni.

Ýmsir aðrir þættir frumvarpsins varðandi innra starf skólanna valda okkur meiri áhyggjum og við nefnum hér á eftir í 8 liðum.

1. Engin viðmið eru sett fram um **fjölda nemenda í bekkjardeildum.**
2. Öll **ráðgjafarþjónusta** við grunnskóla verður óljósari en nú er og samræming verður ekki fyrir hendi. Ekki kemur fram með skýrum hætti hvernig menntamálaráðuneytið á að hafa eftirlit með því að sveitarfélögin uppfylli þau verkefni sem þeim er falið samkvæmt lögum. Má ætla að þessi eftirlitsskylda ráðuneytisins veikist mjög verulega við það að fræðsluskrifstofurnar eru lagðar niður.
3. **Sérkennsla** og þjónusta við nemendur með sérþarfir er miklu óljósari en er í núverandi lögum.
4. Miðstýring stjórnvalda með aukinni áherslu á **samræmd próf** mun augljóslega hafa veruleg áhrif á innra starf skólanna og stýra kennsluháttum þeirra í ríkara mæli en nú er. Sú hættu kann að skapast að niðurstaða úr samræmdum prófum verði álitin einhlítur mælikvarði á gæði skólastarfs og hið flókna samspil félagslegrar þjálfunar, fræðslu og uppeldis verði ekki metið sem skyldi.

5. Úthlutun **námsgagna** er fremur ójós í frumvarpinu og ekki eins skýr og í núverandi lögum. Skýrar þarf að kveða á um starfsemi Námsgagnastofnunar.
6. Ákvæði um **námsráðgjafa** í núverandi löggjöf er felld brott.
7. Ákvæði um starf sérkennara í almennum grunnskólum er felld brott sem og sérkennsluhugtakið. Hvorutveggja, **námsráðgjafar og sérkennarar** eru ómetanlegir starfskraftar í skólastarfi þar sem samfélagsaðstæður undanfarna áratugi hafa veikt uppeldisskilyrði fjölmargra foreldra og félagslegur/námslegur vandi nemenda hefur farið vaxandi.
8. Ekki er hægt að skilja frumvarpið á annan veg en þann að sveitarfélögunum sé ætlað, hveju fyrir sig, að skilgreina og setja reglur um marga þætti er varðar stjórnun og starfslið grunnskólans. Jafnframt virðist sem þetta eigi einnig við um fjármálakaflann XIV. Ljóst er því að þessir þættir geta verið með misjöfnum hætti eftir sveitarfélögum og vekur það upp spurningar um **jafnrétti nemenda til náms eftir búsetu**.

Ofan nefndir þættir varðandi innra starf skólanna, telja Barnaheill að **veiki jafnrétti nemenda til náms** í íslensku samfélagi og geri stöðu þeirra sem þurfa á aukinni aðstoð að halda mun veikari en nú er. **Barnaheill telja því ekki rétt að tengja þessar breytingar á grundvallarþáttum skólastarfs inn í umræðuna um tilfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga.**

Í frumvarpinu til stjórnskipunarlaganna, 13. gr. segir m.a. "Allir skulu eiga rétt á að hljóta almenna menntun og fræðslu við sitt hæfi eftir því sem er nánar ákveðið í lögum." Við bendum á að hér er ekki um neinn rétt að ræða þar sem ákvörðunarvald er lagt í hendur löggjafans án frekari fyrirhæfinga, eins og hér er gert. **Við teljum nauðsynlegt að tryggja að allir eigi skilyrðislaust rétt til menntunar við sitt hæfi.** Við óttumst að fyrirliggjandi frumvarp til laga um grunnskóla tryggi ekki þennan rétt.

Flutningur grunnskóla yfir til sveitarfélaga.

Ef flytja á grunnskólann til sveitarfélaganna þurfa allir þættir flutningsins og þar með frumvarpsins að vera ljósir. **Grunnskólinn er stærsti vinnustaður barna á Íslandi og til að tryggja þeim hollt vinnuumhverfi er ákaflega mikilvægt að sátt ríki um jafn veigamiklar breytingar og hér er um að ræða á skólalaldi íslenskra barna.**

Sá sem skilar af sér einhverju verki verður að gera þeim sem við því tekur **nákvæma grein fyrir öllum þáttum verksins** og hver staðan sé þegar færslan á sér stað. Það er nokkuð augljóst af umræðunni að staðan er ekki ljós, ekki síst hvað varðar vinnutíma, kjör og önnur réttindamál kennarans, sem er þó lykilpersónan í velheppnuðu skólastarfi. Þetta leiðir m.a. til þess að ekki er hægt að gera **kostnaðaráætlanir** fyrir starfsmenn grunnskóla, einsetningu grunnskóla og marga aðra grundvallarþætti eðlilegs skólastarfs. Barnaheill taka því undir fyrirvara XV landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi afstöðuna til yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar til sveitarfélaga. Tryggja þarf að allir eigi skilyrðislaust rétt til menntunar **við sitt hæfi** án tillits til ýmissa ytri aðstæðna eins og efnahags, búsetu, kynþáttar, trúarbragða og stöðu að öðru leyti.

Að lokum.


Örar þjóðfélagsbreytingar á Íslandi og breytt félagsleg samskipti manna krefjast endurmats á uppeldisaðstæðum barna og unglinga. Fjölskyldan á mjög undir högg að sækja um þessar mundir og velferð barna og heill víða í bráðri hættu.

Börn dvelja stóran hluta æsku sinnar í skólanum. Skólinn hefur tekið við æ fleirum verkefnum sem fjölskyldan innti af hendi hér áður fyrr og þeirri **þróun verður ekki snúið við**. Foreldrar bera að sjálfsögðu höfuðábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna en stór hluti uppeldis og fræðslu barna fer fram utan heimilisins aðallega í leik- og grunnskólum landsins.

Stjórnvöld verða að viðurkenna **þennan breytta félagslega veruleika** eigi þeim að verða ágengt við að bæta uppvaxtarskilyrði íslenskra barna.

Flutningur grunnskólans yfir til sveitarfélaganna ber það ekki með sér að um slíka viðurkenningu sé að ræða heldur virðist sem ýta eigi vanda íslenskra barna og fjölskyldna þeirra yfir á sveitarfélögin án þess að full viðurkenning hafi fengist á hinu mikla verkefni sem íslenska skólakerfið hefur að gegna fyrir börnin í landinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla.


Kristín Jónasdóttir,
framkvæmdastjóri.